Fyrri tíma fréttaefni


Bókmenntir

Erlendur Jónsson

Guðmundur L. Friðfinnsson:
ÖRLÖG OG ÆVINTÝRI.
I. 172 bls. Skjaldborg.
Akureyri, 1984.

Mér telst svo til að Örlög og ævintýri sé tólfta bók Guðmundar L. Friðfinnssonar. Langa ævi hefur hann verið skáldbóndi á Egilsá í Norðurárdal í Skagafirði. Sú var tíðin að maður þótti fullsæmdur af þvílíku sæmdarheiti. Það var fyrir þann tíma er rithöfundar þurftu að taka sér stöðu sem næst dyrum fjölmiðla í höfuðstaðnum svo eftir verkum þeirra væri tekið. En nóg um það.

Guðmundur hefur einkum látið frá sér fara skáldsögur, sveitasögur. Hann hefur valið þá leið góðra rithöfunda að skrifa um það sem hann þekkir best. Nú stendur hann á Egilsárhlaði og skyggnist til allra átta — bæði í tíma og umhverfi. Hann segir fyrst nokkuð frá stað þeim þar sem hann hefur alið mestallan aldur sinn. Síðan fara þættir af einstaklingum sem fyrir einhverra hluta sakir urðu minnisstæðir. Sumir eru löngu horfnir. Og þeim lýsir hann eftir sögusögnum og annars konar heimildum. Aðrir lifðu fram á hans daga. Og frá þeim getur hann sagt millilíðalaust. Guðmundur er mannlýsingameistari. T.d. lýsir hann föður sínum hispurslaust og eftirminnilega. Guðmundur segir að fyrrum hafi mun meira en nú borið á séreinkennum hvers eintaklings. »Og þegar ég hugsa um eldri menn, sem ég



Guðmundur L. Friðfinnsson

þekkti í æsku, finnst mér þeir mundu flestir þykja hálfgerðir furðufuglar nú, ef ekki allir.«

Og furðufuglar hafa þeir verið, sumir hverjir að minnsta kosti, sem Guðmundur segir frá í þessari bók. Einn þeirra var bóndi á Egilsá á fyrri öld. Hann þótti læknir góður og hafði kynnt sér þau fræði af erlendum bókum. En honum þótti líka gott í staupinu. Og væri hann við skál tók hann upp á furðulegustu kenjum. T.d. átti hann til að skjóta af byssu út um glugga í átt að gestum sem lögðu leið sína að bæ hans. Slíkir menn urðu þjóðsagnapersónur.

Símon Dalaskáld þekktu allir landsmenn. (Sá er þetta ritar hélt í fyrstunni að hann hefði verið vestan úr Dölum, en það voru Skagafjarðardalir sem hann var kenndur við.) Símon kom á flesta bæi landsins. Eitt sinn kom hann að Egilsá með fyrirgangi miklum, og gisti. Var þá kvæntur maður. Varð sú gisting eftirminnileg Egilsárfólki. Og spaugileg mjög!

En ekki ferðuðust allir eins og Símon og »mun hafa verið talsvert algengt, að fólk eyddi langri ævi án þess að ferðast nokkurn tíma milli sýslna, og konur úr afskekktari byggðum fóru ekki í kaupstað oftar en einu sinni eða tvisvar á ævinni, jafnvel aldrei.«

Heimilin voru sérstök ríki með sínum landamerkjum og lögum. Og svo mjög bjuggu þau að sínu að Guðmundur nefnir dæmi þess að allur fatnaður væri unninn heima ur heimafengnu efni. Sjálfsþurftarbúskapurinn krafðist þess að allir ynnu eins og þeir höfðu krafta til, börn jafnt sem aðrir. Í þættinum **Tréstaðaskóli** tekur Guðmundur upp frásögn föður síns þar sem hann rekur bernskuminningar sínar, meðal annars frá því er hann var smali. Það sem þá var á hann lagt mundi ekki þykja forsvaranlegt nú, og langt því frá. En sá sem gekk í þvílíkan skóla lífsins og lifði það af var þar með orðinn nokkuð hertur fyrir lífsbaráttuna.

Friðfinnur, faðir Guðmundar, var eins og flestir vinnumaður framan af ævi. Rösklega þrítugur kvæntist hann tæplega fimmtugri ekkju. Naumast telur höfundur að til þess hjónabands hafi verið stofnað af ást heldur hafi hagsmunasjónarmið ráðið. Þess konar hjónabönd — með mikinn aldursmun á annan hvorn veginn — voru þá hreint ekki óalgeng. Blóð tímans streymdi hægt. Og eignalaus vinnumaður, sem tók sér til eiginorðs fátæka stúlku, átti fárra kosta völ. Basl og erfiði varð í langflestum dæmum þeirra framtíð.

Það skýrist betur ef litið er yfir verðlista frá síðustu aldamótum sem Guðmundur birtir í bókarlok. Dagsverk karlmanns var þá metið á eina krónu eða vel það, árskaup nam hundrað til hundrað og tuttugu krónum (fæði og húsnæði og einhver fatnaður mun hafa verið innifalinn). Konur höfðu talsvert lægra kaup en karlar. Kaffikílóið kostaði tvær og þrjátíu, en skyrkílóið hins vegar aðeins tíu aura. Yfirhöfuð sýnist áberandi hve innfluttar vörur hafa þá verið hlutfallslega dýrari en innlendar, einkum væru þær fluttar úr fjarlægum heimshlutum eins og kaffið. »Að vinna fyrir sæmilegum hesti tók oftast tvö ár, fór þó eftir vinnuafköstum.«

Af verðskránni sést hversu fjarri því hefur farið að unnt væri að vinna sig frá örbirgð til bjargálna á skömmum tíma með handaflinu einu saman. Var þá að furða þó menn reyndu að stytta sér leið, jafnvel þó það kostaði giftingu sem ekki gat að öðru leyti talist girnileg?

Þar sem hér er aðeins um fyrra bindi af tveim að ræða skal ekki fjölyrt meira um efni þess að sinni. Guðmundur segir skemmtilega frá eins og fyrri daginn. Stundum leikur hann talsvert með stílinn — jafnvel svo að orðagamanið má varla fjölskrúðugra vera svo ekki sé drepið á dreif athygli þeirri sem maður vill halda við efnið. Ekki svo að skilja að listilegur stíll sé ekki alltaf til yndisauka, en það er bara annar handleggur.

Mest er um vert að hér segir frá fólki og atburðum á slóðum þar sem höfundur gjörþekkir allar aðstæður, man sumt sjálfur, auk þess sem hann hefur getað gengið að nærtækum heimildum um fyrri öld, og getur þá jafnframt manna best metið og vegið gildi þeirra.

Nokkrar gamlar mannamyndir eru í bókinni, prýðilega skýrar, auk þess teikningar af gömlum bæjum, allt til æskilegs stuðnings við efni bókarinnar.

Af ánægjulegum athafnamanni

Bókmenntir


Jóhanna Kristjónsdóttir

Ásgeir Jakobsson: Lífið er lotterí. Saga af Aðalsteini Jónssyni og Alla ríka.
Útg. Setberg 1984

Dugmiklir athafnamenn sem hafa unnið hörðum höndum frá fátæktarbasli til fjármuna njóta jafnan nokkurrar aðdáunar og mikillar forvitni meðal landans. Að ekki sé nú minnst á, að forvitnin verður oft að frjálslegu tali um þessa athafnamenn, er þá ýmist að þeir eru öfundaðir eða úthrópaðir, en eftir situr nú samt þessi tilfinning hjá okkur — sem er óneitanlega mjög jákvæð — að virða slíka menn.

Aðalsteinn Jónsson á Eskifirði er einn af slíkum mönnum og frásögn hans hlýtur að vekja áhuga. Hvernig ungur drengur brýst úr sárustu fátækt til slíkra efna, að Eskifjörður samtímans er í augum almennings nánast eign Aðalsteins, víst hlýtur þarna að vera margt að frétta.

Ásgeir Jakobsson hefur valið þann kostinn að draga upp mjög skilmerkilega og læsilega mynd af lífshlaupi Aðalsteins sem athafnamanns. Sú lesning er skemmtileg og fýsileg, hnyttilega frá sagt og nákvæm að því er best verður séð. Aðalsteinn segir frá, sjálfur svona öðru hverju, ekki er alltaf ljóst, hvenær um endursögn hans sjálfs er að ræða eða höfundur hefur grúskað í að ná saman miklum fróðleik og upplýsingum varðandi umsvif og athafnir Aðalsteins og bræðra hans fyrr og síðar. Hvað sem því líður er hér að ferðinni bók sem segir góða og efnismikla sögu og fengur er að því að lesa vel og vandlega, þó svo




Ásgeir Jakobsson

að áhugasviðið sé ekki rekstur hraðfrystihúsa, síldar- eða loðnuvinnslan og allt það, er hér í hnotskurn dregin upp mynd af miklum athafnamanni og viðfelldinni persónu. Á hinn bóginn kemur ekki fram í bókinni að skörp skil séu milli Aðalsteins Jónssonar og þess manns, sem við köllum Alla ríka. Aðalsteinn hvort sem hann er kallaður Alli eða ekki, er harðduglegur og hressilegur maður, glaður á góðri stund og hinn ágætasti fjölskyldufaðir. Hvers vegna tvískiptingin er höfð er mér ekki ljóst. Það dregur ekkert úr því hversu ánægjuleg bókin er aflestrar. Auk þess er í henni fjöldi mynda sem auka verulega á gildi hennar.



Eva Vilhelmsdóttir



Lísbet Sveinsdóttir

Leðurfatnaður og leirbrennsla

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Gallerí Langbrók kynna þessa dagana tvær listiðnaðarkonur framleiðslu sína. **Eva Vilhjálmsdóttir** sýnir leðurfatnað sem unninn er úr kálfa- og lambaskinni og hún hefur hannað en **Lísbet Sveinsdóttir** sýnir árangurinn af tilraunum sem hún hefur gert með að brenna leir í jörðu niðri vestur á Breiðafirði.

Þetta er lítil en þekkileg sýning, — húsnæðið er varla svo stórt að það þoli tvær sýningar nema í léttu kynningarformi og máski er það einmitt svo með þessar sýningar listakvennanna. Leðurfatnaður Evu er mjög vandaður og vel formaður — var ekki laust við að *listrýnirinn* færi að öfunda hitt kynið fyrir að eiga þess kost að klæðast slíkum pragtflíkum og saknaði þess, að ekki væri svolítið hugsað um karlpeninginn hér.

En satt að segja þarf fatnaðurinn meira rými til að njóta sín til fulls en Gallerí Langbrók hefur upp á bjóða þrátt fyrir að kynningin eigi að öðru leyti gildan rétt á sér á þessum stað.

Mér þykir það mjög af hinu góða hve kvenþjóðin hefur sótt í sig veðrið á undanförnum árum um hvers konar textíl- og fatahönnun og ekki skyldi mig undra þótt hér sé á ferð kímið að gróskumikilli starfsemi er í framtíðinni kunni að færa þjóðarbúinu gilda sjóði í beinhörðum gjaldeyri.

Leirmunir Lisbetar bera það með sér, að hér sé um tilraunastarfsemi að ræða, þeir eru einfaldir og traustvekjandi. Yfir þeim er svipur upprunaleika og jarðarmagna og þótt þeir láti lítið yfir sér í fyrstu grípa þeir við nánari kynni eins og allt er ber með sér galdraseið gróðurmoldarinnar.

Handmáluð ljóð

Handmáluð ljóð nefnist sýning tveggja ungra listamanna að Kjarvalsstöðum, þeirra **Böðvars Björnssonar** og **Valgarðs Gunnarssonar.** Sýnd eru átján handmáluð ljóð eftir Böðvar, unnin í samvinnu við Valgarð og eru þau útfærð í olíu, krýl og pastel.

Á sýningunni eru einnig fjörutíu myndir Valgarðs, sem útfærðar eru í blandaðri tækni svo sem olíu, vatnslit og gvasslitum. Þetta er um margt sérstæð sýning og setja ljóðamyndirnar sterkan svip á heildarmyndina en eru þó í hrjúfara lagi. Hins vegar eru myndir Valgarðs mjög „artistískar" í útfærslu og „kóloristi" er hann út í fingurgóma við útfærslu hinna smærri mynda, sem eru hver annarri hrifmeiri. Honum fatast þó mjög flugið er hann vinnur í stærri formum og er mér það lítt skiljanlegt hví hann notar þar allt önnur og léttvæg vinnubrögð. Hann ætti einmitt að geta yfirfært innileika litlu myndanna yfir í stærri form með léttum leik ef vilji er fyrir hendi. Þá eru litlu myndirnar mjög persónulegar frá hendi gerandans í flestum tilvikum, en það eru hinar stærri ekki.

Annars skiptir stærð mynda engu máli um listræn gæði svo sem allir vita.

Það er mestur kostur við handmáluðu ljóðin, að þau skulu vera á móðurmálinu en ekki t.d. á ensku svo sem algengara er. Þó er málnotkun skáldsins í hirðulausara og grófara lagi en það er víst í tísku núna, sem víða er gengið yfir erlendis, að nota orðaforða lágkúrunnar. Þetta minnir á sumt á graffiti klósetta heimsborganna en fært í skipulegri búning.

Ljóðamyndirnar eru samvinnuverk og kennir maður þar margra snjallra litasamsetninga frá hendi Valgarðs Gunnarssonar.

Þetta er óvenjuleg sýning er hefði betur átt heima í sölum Nýlistasafnsins.